



4.6.1 gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
24. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010

4.6.1 Kröfur (Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra)

Í grein 4.6.1 Kröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 segir:

„Hönnuðir og hönnunarstjórar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis.

Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal að minnsta kosti fela í sér:

- a staðfestingu á hæfni hönnuðar
- b skráningu á endurmenntun hönnuðar
- c skráningu á ákvörðunum hönnuðar vegna einstakra framkvæmda
- d lýsingu á innra eftirliti og skráningar í það
- e gátlista vegna innra eftirlits hönnuðar um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla
- f skrá um útgefin hönnunargögn og uppdrætti sem lagðir hafa verið fram til samþykktar hjá leyfisveitanda og breytingar á þeim
- g skrá um allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og leyfisveitandi hefur samþykkt
- h skrá um samskipti við byggingarstjóra og eftirlitsaðila, þ.m.t. skrifleg fyrirmæli
- i skrá um athugasemdir hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara vegna hönnunargagna
- j skrá um leiðbeiningar og athugasemdir skoðunarstofu og leyfisveitanda vegna hönnunargagna
- k skrá um önnur samskipti og eigin athugasemdir hönnuðar vegna framkvæmdar

Gæðastjórnunarkerfi hönnunarstjóra skal innihalda sérstaka skrá um innra eftirlit hans sem hönnunarstjóra og lýsingu á því.

Hönnuðir og hönnunarstjórar skulu tilkynna Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til samþykktar og skráningar í gagnasafn stofnunarinnar. Sé gæðastjórnunarkerfi hönnuðar ekki vottað af faggiltri vottunarstofu skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð þess og virkni. Að öðrum kosti er leyfisveitanda óheimilt að taka til afgreiðslu gögn sem hönnuðir leggja fram til samþykktar.“

Í ákvæði til bráðabirgða í 2. tölulið 24. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010 segir:

„Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar hafa frest til 1. janúar 2015 til að uppfylla ákvæði 4.6.1, 4.8.1 og 4.10.2 gr. um gæðastjórnunarkerfi.“

1 Umfang

Leiðbeiningarnar eiga við um þá starfsemi hönnuða sem fellur undir löggildingu þeirra samkvæmt byggingareglugerð. Jafnframt eiga leiðbeiningarnar við um starfsemi hönnunarstjóra. Einungis löggiltir hönnuðir geta starfað sem hönnunarstjórar en þeir bera



Ábyrgð á að samræming hönnunargagna fari fram og annast innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis eins og fram kemur í byggingareglugerð. Leiðbeiningarnar hér á eftir eiga við gæðakerfi hönnuða en auknar kröfur eru gerðar til gæðakerfa hönnunarstjóra. Þær kröfur eru teknar fram sérstaklega og ber þeim hönnuðum sem starfa sem hönnunarstjórar að innleiða þær einnig í sínu gæðakerfi.

2 Ábyrgð

Hönnuður ber ábyrgð á allri framkvæmd við innleiðingu og rekstur gæðastjórnunarkerfis og að það sé samkvæmt settum reglum.

Leiðbeiningar

3 Gæðastjórnunarkerfi

Hönnuði ber að koma sér upp skilgreindu gæðastjórnunarkerfi þannig að tryggt sé að öll starfsemi hans sé samkvæmt reglum. Hönnuður fylgi byggingareglugerð, fyrirmælum Mannvirkjastofnunar og öðrum gildandi lögum og reglum, eftir því sem við á, í störfum sínum.

4 Verkskráning og vistun gagna

Hönnuði ber að koma sér upp verkskráningu og vistun gagna sem uppfyllir þau skilyrði að hægt sé að rekja öll hans verk. Ef þess er óskað af Mannvirkjastofnun, skal hönnuður geta sýnt yfirlit yfir verk sín og rakið hvert verkefni og hvern verkþátt.

Helstu gögn sem hönnuði ber að vista eru:

- vottorð og skjöl er varða löggildingu hönnuðar
- vottorð og skjöl er varða menntun og hæfni starfsmanna
- áætlun um innra eftirlit vegna einstakra framkvæmda
- skrá yfir innra eftirlit, úttektir og niðurstöður þeirra
- samningar og samskipti við eigendur
- samskipti við hönnuði og hönnunarstjóra vegna hönnunar og breytinga á hönnun og samræmingu hönnunargagna
- samskipti við byggingastjóra og iðnmeistara og athugasemdir vegna framkvæmda
- skrá útgefin og móttekin hönnunargögn og uppdrætti sem lagðir hafa verið fram til samþykktar hjá leyfisveitanda og breytingar á þeim
- skrá um verklýsingar og önnur hönnunargögn
- skrá yfir allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og leyfisveitandi hefur samþykkt
- gátlistar vegna innra eftirlits hönnuðar um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla



- skrá um samskipti, leiðbeiningar og athugasemdir leyfisveitenda og skoðunarstofu vegna hönnunargagna
- skýrslur og bréf um fyrirmæli og skoðanir Mannvirkjastofnunar vegna gæðastjórnunarkerfis
- listi yfir viðeigandi staðla

5 Samræming hönnunarstjóra á hönnunargögnum

Hönnunarstjóra ber að sjá til þess að samræming hönnunargagna fari fram og gæta að hagsmunum eiganda mannvirkis við hönnun mannvirkis .

Auk þeirra gagna sem hönnuðir þurfa að vista, ber hönnunarstjóra að vista eftirfarandi gögn:

- Yfirlit yfir ábyrgðarsvið hönnuða og undirskriftir hönnuða vegna útgáfu byggingarleyfa
- Tilkynningar til leyfisveitenda og eigenda um hönnunarstjóraskipti
- Skrá yfir samræmd hönnunargögn og athugasemdir vegna þeirra
- Samskipti við eiganda og hönnuði vegna samræmingu hönnunargagna

6 Innra eftirlit

Hönnuði ber að hafa eftirlit með allri vinnu sem unnin er í hans nafni, enda ber hann ábyrgð á framkvæmd hennar. Hann skal gera áætlun um innra eftirlit með eigin vinnu og einstaka verkþáttum, og lýsingu á því hvernig eftirlitinu er sinnt. Halda skal skrá yfir niðurstöður innra eftirlits ásamt þeim úrbótum sem ráðist var í vegna athugasemda og frábrigða í úttekt.

Við framkvæmd eigin eftirlits með gæðastjórnunarkerfinu skal nota gátlista sem Mannvirkjastofnun notar við skoðun á gæðastjórnunarkerfinu, lög um mannvirki, byggingarreglugerð, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og viðeigandi staðla.

7 Reglugerðir og fyrirmæli

Reglugerðir og fyrirmæli sem hönnuði og hönnunarstjóra ber að eiga eða hafa aðgang að:

- Lög um mannvirki nr. 160/2010
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar eftir því sem við á.

Tilvísanir

- Gátlisti /Skoðunar skýrsla Mannvirkjastofnunar
- ÍST EN ISO 9001:2008
- ÍST 30:2003



Viðauki

Dæmi um efnisyfirlit gæðahandbókar:

Inngangur

- Efnisyfirlit
- Tilgangur
- Löggilding
- Menntun og hæfni starfsmanna
- Vottun gæðakerfis

Verklag

- Lög, reglugerðir og reglur
- Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar
- Viðeigandi staðlar

Skráningar

- Verkefnaskrá
- Samningar
- Skrá yfir ábyrgðaryfirlýsingar
- Skrá yfir útgefin hönnunargögn og uppdrætti
- Skrá um samskipti við hönnuði, hönnunarstjóra og eiganda til dæmis fundargerðir, bréf, tölvupóstar
- Skrá um samskipti við byggingarstjóra
- Skrá yfir samræmingu hönnunargagna
- Skrá um breytingar hönnunargagna og athugasemdir
- Skrá um úrbætur vegna athugasemda
- Skrá um samskipti við leyfisveitanda og skoðunarstofu

Innra eftirlit

- Áætlun um innra eftirlit
- Innri úttektir
- Úrbætur vegna frábrigða í úttekt

Annað eftirlit

- Annað

Ef notaðar eru tölvuskrár skal lýst hvar þær eru vistaðar og hvernig og hve oft þær eru afritaðar.